



Logo



Logo

Efst á baugi | Fréttir | Olís kvenna

## Einstefna í Safamýri

Ívar Benediktsson 18.03.22

- Auglýsing -

Efsta lið Olísdeildar kvenna, Fram, vann stórsigur á HK, 34:22, á heimavelli í kvöld og heldur þar með áfram að treysta stöðu sína í deildinni. Sex marka munur var á liðunum að loknum fyrri hálfleik, 14:8.

Nýtt þjálfaratrymi var með HK-liðið í kvöld, Arnar Gunnarsson og Daníel Berg Grétarsson. Þeirra bíður mikil vinna ef marka má þennan leik. Að vísu var við toppliðið að etja en engu að síður þá var margt að í sóknarleik HK-liðsins auk þess sem fleiri atriði sem snúa að varnarleik voru ekki góð. Erfiðara kann að að greiða úr þeim málum.

Fram tók fljótlega leikinn í sínar hendur og með talsverða yfirburði. Sóknarleikur HK var mistækur og ekki hjálpaði Kópavogslíðinu að Hafdís Renötudóttir varði allt hvað af tók.

HK virtist ætla að snúa blaðinu við í síðari hálfleik. Liðið skoraði þrjú fyrstu mörkin og minnkaði forskot Fram niður í þrjú mörk, 14:11. Lengra komst HK ekki. Fram svaraði með sjö mörkum í röð. Eftir það var aldrei vafi á hvort liðið færi með sigur úr bítum.



**Mörk Fram:** Karen Knútsdóttir 7/3, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 5, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Tinna Valgerður Gísladóttir 4, Harpa María Friðgeirsdóttir 3, Krístrún Steinþórsdóttir 2, Valgerður Arnalds 1, Jónína Hlín Hansdóttir 1, Erna Guðlaug Gunnarsdóttir 1, Svala Júlía Gunnarsdóttir 1.

**Varin skot:** Hafdís Renötudóttir 11, 40,7% – Írena Björk Ómarsdóttir 4, 40%.

**Mörk HK:** Jóhanna Margrét Sigurðardóttir 4/4, Sara Katrín Gunnarsdóttir 3, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Elna Ólöf Guðjónsdóttir 2, Margrét Guðmundsdóttir 2, Leandra Náttól Salvamoser 2, Berglind Þorsteinsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 1, Þóra María Sigurjónsdóttir 1, Sóley Ívarsdóttir 1, Embla Steindórsdóttir 1.

**Varin skot:** Ingibjörg Gróa Guðmundsdóttir 5, 21,7%, Margrét Ýr Björnsdóttir 1, 5,9%.

Alla tölfræði leiksins er að finna hjá [HBStatz](#).

Stöðu og næstu leiki í Olísdeild kvenna er að finna [hér](#).